



Grundarfjarðarbær

Erindisbréf fyrir skipulags- og umhverfisnefnd

1. gr.

Stjórnskipuleg staða

Skipulags- og umhverfisnefnd heyrir undir bæjarstjórn. Skipulagsfulltrúi starfar með nefndinni. Hann undirbýr og situr fundi nefndarinnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

2. gr.

Skipan nefndarinnar

Í skipulags- og umhverfisnefnd eiga sæti fimm fulltrúar sem bæjarstjórn kýs til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Grundarfjarðarbæjar. Á sama hátt eru kjörnir fimm fulltrúar til vara.

Á fyrsta fundi nefndarinnar skal kjósa formann, varaformann og ritara. Nefndin getur ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndarinnar.

3. gr.

Hlutverk nefndarinnar

Nefndin fer með eftirfarandi málefni:

- Skipulagsmál, skv. 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010
- Umhverfismál, þ.m.t. veitu- og sorpmál skv. m.a. lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004, orkulögum nr. 8/1967 og lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna
- Náttúruvernd, skv. ákvæðum náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og laga um landgræðslu nr. 155/2018
- Umferðarmál, skv. ákvæðum umferðarlaga nr. 77/2019
- Fjallskil skv. ákvæðum laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986

Helstu verkefni nefndarinnar eru:

- að vera bæjarstjórn til ráðgjafar í málefnum er undir nefndina heyra
- að gera tillögur til bæjarstjórnar um markmið í málaflokkum sem undir nefndina heyra
- að hafa eftirlit með því að samþykkt markmið bæjarstjórnar í þessum málaflokkum nái fram að ganga
- að hafa eftirlit með því að ákvæði laga á verksviði nefndarinnar séu haldin
- að starfa með skipulagsfulltrúa að málum er undir hann og nefndina heyra
- að sinna öðrum málefnum sem undir nefndina heyra eftir því sem lög og reglugerðir ákveða og bæjarstjórn felur henni

Skipulags- og umhverfisnefnd hefur umsagnarrétt um tillögur forstöðumanna við fjárhagsáætlunargerð og getur gert sínar tillögur til bæjarráðs.

Sé nefndinni ekki falið að taka fullnaðarákvörðun um mál, skv. lögum eða erindisbréfi þessu, teljast ályktanir hennar tillögur til bæjarstjórnar, enda þótt þær séu orðaðar sem ákvarðanir eða samþykktir nefndar. Slíkar ákvarðanir þurfa staðfestingu bæjarstjórnar.

4. gr.

Starfshættir

Um starfshætti nefnda er sérstaklega fjallað í VI. kafla samþykktar um stjórn Grundarfjarðarbæjar og skal þeim fylgt eftir því sem við á.

Skipulags- og umhverfisnefnd kemur saman fyrir luktum dyrum að jafnaði annan hvern mánuð. Nefndinni er heimilt að opna fundi sína komi fram ósk um slíkt svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki.

Um fundi nefndarinnar, ályktunarhæfi og atkvæðagreiðslur gilda ákvæði III. kafla samþykktar um stjórn Grundarfjarðarbæjar og sveitarstjórnarlaga eftir því sem við getur átt.

Nefndin skal halda gerðabók. Um ritun fundargerða gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. ákvæði í III. kafla samþykktar um stjórn Grundarfjarðarbæjar.

Formaður sér um boðun funda í samráði við skipulagsfulltrúa. Fundarboðun skal vera með tölvupósti og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð ásamt gögnum sem fyrir liggja um þau mál sem taka á fyrir skal sent fulltrúum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en einum sólarhring fyrir fund.

Formaður stýrir fundum nefndarinnar skv. ákvæðum VI. kafla samþykktar um stjórn Grundarfjarðarbæjar.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti nefndarinnar er mættur á fundinn. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu.

5. gr.

Réttindi og skyldur

Um réttindi og skyldur fulltrúa í skipulags- og umhverfisnefnd gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Grundarfjarðarbæjar eftir atvikum.

Fulltrúa er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli fundarsetu.

Hver fulltrúi á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skilar hann efni þess til skipulagsfulltrúa a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund.

Fulltrúar í skipulags- og umhverfisnefnd skulu hafa hag bæjarfélagsins að leiðarljósi við störf sín í nefndinni, en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykkt um stjórn Grundarfjarðarbæjar í atkvæðagreiðslu um málefni á vegum nefndarinnar.

Fulltrúar eru bundnir þagnarskyldu vegna mála, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir nefndina og ætla má að leynt eigi að fara skv. eðli máls eða lögum, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni. Þagnarskylda helst óbreytt þótt menn hætti setu í nefndinni eða láti af störfum á hennar vegum.

Fulltrúi skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi.

6. gr.

Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal nefndin taka mið af þeim lögum og reglugerðum, sem um starfssvið hennar gilda hverju sinni.

Þá skal nefndin fylgja samþykkt um stjórn Grundarfjarðarbæjar eins og hún er hverju sinni og kynna sér ákvæði sveitarstjórnarlaga.

7. gr.

Gildistaka

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum og samþykkt um stjórn Grundarfjarðarbæjar.

Erindisbréf þetta var samþykkt í bæjarstjórn Grundarfjarðar þann 13. september 2022 með vísan til 47. gr. B 2. samþykktar um stjórn Grundarfjarðarbæjar nr. 780/2013 og tekur þegar gildi.

Grundarfirði, 13. september 2022.

Björg Ágústsdóttir, bæjarstjóri